

Nd. 552. Frumvarp til laga [256. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Málfríður Sigurðardóttir, Kristín Einarsdóttir,
Kristín Halldórsdóttir, Sigríður Lillý Baldursdóttir.

1. gr.

Við 1. mgr. 43. gr. laganna bætist nýr stafliður er orðist svo:

Fyrir gleraugu handa börnum og unglingum, samkvæmt gleraugnaávísun (resepti) frá augnlækni, sem framvísað er á því reikningsformi sem Tryggingastofnun ríkisins ákveður, greiða sjúkrasamlög í samræmi við samninga sem Tryggingastofnunin hefur gert fyrir þeirra hönd eða samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur séu samningar ekki fyrir hendi, sem hér segir, þó ekki nema einu sinnu á ári nema sjón breytist:

I. Fyrir börn og unglina 18 ára og yngri skal greiða allan kostnað við gler og fasta upphæð sem svari til meðalkostnaðar við umgerðir að mati Tryggingastofnunar.

II. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta tekjutryggingar, skal greiða allan kostnað við gler og fasta upphæð sem svari til meðalkostnaðar við umgerðir að mati Tryggingastofnunar, en fyrir aðra elli- og örorkulífeyrisþega greiðist allur kostnaður við gler.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í reglum frá tryggingaráði um hjálpartæki eru ákvæði sem heimila greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins á 70% af verði á glerum sem eru til lækninga fyrir skjálga og fyrir rangeyg börn, skilgreint sem „strabismus“. Þessi gler eru greidd að þeim hluta sem fyrr greinir, fyrir börn að 16 ára aldri, þó aðeins ein gler á ári nema um breytt ástand augna sé að ræða. Engir aðrir af þegnum þjóðarinnar njóta aðstoðar vegna gleraugnakostnaðar.

Markmið þessa frumvarps er að öll börn og unglingar 18 ára og yngri eigi rétt á að fá gler í gleraugu sér að kostnaðarlausu og að greidd sé föst upphæð vegna umgerða sem Tryggingastofnun metur hver skuli vera — en engin aðstoð er nú veitt vegna þess kostnaðar — og að elli- og örorkulífeyrisþegar eigi rétt á ókeypis glerum og að kostnaður vegna umgerða sé greiddur á sama hátt.

Sjúkratryggingar greiða nú fyrir tannlæknaþjónustu og tannviðgerðir barna og unglinga, frá 50%–75% kostnaðar. Ríkissjóður greiðir heyrnartæki að öllu leyti fyrir börn og unglinga til 18 ára aldurs og 60% af kostnaði fyrir eldri en 18 ára.

Eðlilegt er að hafa þessa þætti til hliðsjónar þegar fjallað er um fjárhagsaðstoð vegna gleraugnanotkunar. Börn og unglingar þurfa yfirleitt ekki á gleraugum að halda nema vegna meðfæddra sjóngalla, sjúkdóma eða slysa. Sama gildir um þá sem nota heyrnartæki. Þeirra þörf er af sams konar orsökum og virðist því eðlilegt að svipaðar reglur gildi fyrir báða hópa. Hvorir tveggja líða vegna aðstæðna sem þeir hafa ekki skapað sér sjálfir og virðist því full ástæða til að samfélagið komi þeim til aðstoðar. Þetta hefur ríkisvaldið þegar viðurkennt með aðstoð sinni við heyrnarskerta og virðist sanngjarnt að á sama hátt sé staðið að málum þeirra sem áfátt er um sjón.

Einnig má benda á að ýmsir sjóngallar eru ættgengir. Ekki er fátítt að flestir eða allir innan sömu fjölskyldu noti gleraugu, a. m. k. á einhverju skeiði ævinnar. Gleraugu eru dýr og það er oft umtalsverður fjárhagslegur baggi á fjölskyldu að standa straum af kostnaði vegna gleraugnanotkunar sé þannig ástatt að flestir eða allir innan hennar þurfi á gleraugum að halda. Einnig skal bent á að börn og unglingar verða oft fyrir óhöppum með gleraugu í leikjum og íþróttum og eykst þá kostnaður vegna þess.

Leitað hefur verið upplýsinga án árangurs í því skyni að gera grein fyrir þeim kostnaði sem frumvarp þetta, ef að lögum yrði, mundi hafa í för með sér. Augnlæknar halda ekki sérstakar skrár um börn og unglinga eða gleraugnaþörf þeirra og segja enda að slíkt sé ekki unnt. Þeir benda einnig á að gleraugnaþörf barna og unglinga sé oftlega aðeins tímabundin og erfitt eða óframkvæmanlegt að halda skýrslu um slíkt. Því er hvergi hægt að sjá hversu mörg börn og unglingar nota gleraugu.

Könnun var gerð í einum grunnskóla á gleraugnanotkun barna. Í þeim skóla voru 320 börn. Þar voru 22 börn sem notuðu gleraugu eða tæplega 7%. Af þeim börnum voru sex sem fengu hluta af gleraugnaverði greiddan svo sem heimildir eru um.

Samkvæmt tölum frá Hagstofunni var fjöldi barna og unglinga 18 ára og yngri 80 920 þann 31. des. 1986. Nákvæmar tölur eru ekki til fyrir sl. ár. Ef gengið er út frá að 7% af þessum hópi þurfi á gleraugum að halda, sem engan veginn er þó hægt að fullyrða, er hægt að gera sér nokkra hugmynd um fjöldann.

Verð á gleraugum er afar mismunandi og ræðst að miklu leyti af því hvers eðlis sjóngallinn er og hvers konar gler eiga við. Verð á einu gleri er nú á bilinu frá 900–2500 kr.

og getur orðið mun hærra ef um mjög sérhæfða slípun er að ræða. Verð á umgerðum er einnig mjög mismunandi og fer eftir gæðum og einnig tiskusveiflum. Sterkar og vandaðar umgerðir eru nokkuð dýrar. Þó er mælt með að börn og unglingar noti fremur umgerðir sem þola mikið hnjask og eru þá jafnframt dýrari. Börnum er hættara við að fara ógætilega með gleraugu sín en þeim sem fullorðnir eru. Verð á algengum umgerðum er nú á bilinu frá 1250–3000 kr. en getur þó verið mun hærra, allt að 6000 kr. Ekki þykir rétt að tryggingum sé ætlað að greiða gleraugnaumgerðir að öllu leyti þar sem það kann að vera geðþóttaákvörðun hverju sinni hvers konar og hve dýrar umgerðir fólk velur sér. Því er lagt til að áætlað sé meðalverð á umgerðum sem Tryggingastofnun greiði.

Samkvæmt tölum frá Tryggingastofnun ríkisins í árslok 1986 voru örorkulífeyrisþegar alls 3748. Tekjutryggingar nutu 3228 af þeim. Á sama tíma voru ellilífeyrisþegar 20 702. Þar af 14 783 með tekjutryggingu. Ekkert er vitað um hve margir í þessum hópum nota gleraugu en gera má ráð fyrir að meðal ellilífeyrisþega sé gleraugnanotkun nokkuð almenn. Lagt er til í frumvarpinu að elli- og örorkulífeyrisþegar, sem njóta tekjutryggingar, fái gler að fullu greidd og ákveðna upphæð vegna umgerða en aðrir elli- og örorkulífeyrisþegar fái einungis glerin greidd, þ.e. sjái sjálfir um greiðslu vegna umgerða.

Í nágrannalöndum okkar, t.d. Vestur-Pýskalandi og á Norðurlöndum, hefur hið opinbera um árabil veitt aðstoð til gleraugnakaupa. Nokkuð mismunandi reglur gilda um aðstoð þessa eftir löndum, en nefna má að í Vestur-Pýskalandi eiga allir þeir, sem þurfa á gleraugum að halda, rétt á ákveðinni fjárhæð fyrir gler og sömuleiðis vegna umgerða, þó ekki oftast en einu sinni á ári. Einnig fá menn þar greiddar viðgerðir á gleraugum, en ekki er hér lagt til að svo verði gert. Lagt er til í frumvarpinu að menn eigi ekki rétt á aðstoð til gleraugnakaupa oftast en einu sinni á ári nema sjón hafi breyst og það geri ný gleraugu nauðsynleg.

Eins og áður er vikið að er það aðeins mjög takmarkaður hópur sem nú nýtur aðstoðar vegna gleraugnanotkunar og elli- og örorkulífeyrisþegar eru ekki þar á meðal. Það má þó ljóst vera öllum að þeir sem ekki hafa annað að lifa af en elli- eða örorkulífeyri hafa varla ráð á að kaupa sér gleraugu, enda er raunin sú að mörgum þeirra er bent á að leita til félagsmálastofnunar eftir styrk til gleraugnakaupa. Öldruðu fólki og öryrkjum eru það tíðum þung spor.

Markmið þessa frumvarps er að samfélagið komi til móts við þarfir þeirra sem búa við skerta sjón og sjóngalla og létti þær fjárhagslegu byrðar sem þeir verða að bera af þeim sökum. Þessi aðstoð er talin sjálfsögð meðal þeirra þjóða sem við helst viljum miða samfélagslega þjónustu okkar við; við ættum ekki að vera eftirbátar þeirra.